



Markaðsstofa  
Suðurlands

Laugavegur  
Hrafninnasker

Brennisteinsalda

Laugavegur  
Látni

Græn

HANDBÓK

# Gönguleiðir

VERKFERLAR · GÁTLISTAR · GREININGAR · LEIÐBEININGAR · HUGTAKALYKILL

Verkefni unnið af Markaðsstofu Suðurlands og styrkt af Sóknaráætlun Suðurlands  
sem áhersluverkefni Samtaka Sunnlénskra Sveitarfélaga og Ferðamálastofu | [south.is](https://south.is) | [#southiceland](https://twitter.com/southiceland)

## Inngangur

Eitt af þeim verkefnum sem sífellt þarf að huga að í ferðarþjónustunni eru lausnir á hvernig við hægjum á ferðamanninum, hvernig við löðum hann að nýjum stöðum og/eða lengjum þann tíma sem ferðamaðurinn heimsækir tiltekna staði. Með öðrum orðum, hvernig stýrum við og dreifum ferðamönnum betur um landsvæðið þannig að það lágmarki álag á samfélag og náttúru. Ein leið er að útbúa vel hugsaðar gönguleiðir, bæði styttri og lengri, þar sem hugað er að öllum helstu þáttum sem slík gönguleið þarf að innihalda til að ferðamaðurinn njóti sín, náttúran fái að halda sínu formi án ágangs og að samfélagið verði fyrir sem minnstri truflun.

Niðurstöður bæði Áfangastaðaáætlunar Suðurlands og frumvinnu umhverfis- og auðlindastefnu fyrir Suðurland kalla meðal annars á beinar aðgerðir er snúa að jafnari dreifingu gesta um svæðið. Verkefnið *Umhverfisvænar og þematengdar samgöngur* hjá SASS miðar að því að undirbúa og draga fram fleiri staði og spennandi ferðaleiðir til að upplifa Suðurland. Í landsskipulagsstefnu eru þrjár nýjar áherslur, landslag, loftslag og lýðheilsa og styðja þær allar við kortlagningu og uppbyggingu göngu-leiða.

Hér verður fjallað um gönguleiðir.

Handbók þessi inniheldur **VERKFERLA, GÁTLISTA, TILLÖGUR AÐ GREININGUM, LEIÐBEININGAR** og annað sem þarf að huga að við gerð styttri gönguleiða og svæða tengdum þeim.

Í handbókinni má finna **HUGTAKALYKIL** sem skilgreinir öll helstu hugtök sem vinna þarf með.

Handbókin er hugsuð sem grunnur sem hægt er að byggja hvert verkefni á, frá undirbúningi að framkvæmd.

### Í verkefninu *Íslenskir Þjóðstígar* sem Gísli Rafn Guðmundsson vann árið 2014 meðal annars fyrir Ferðamálastofu var fjallað einkenni góðra gönguleiða:

#### Gönguleiðir

Hvað einkennir góða gönguleið? Skipulögð gönguleið auðveldar aðgengi ferðamanna að ákveðnum svæðum sem ferðamenn hafa áhuga á að skoða og kynnast nánar. Hún hefur ákveðið gildi sem vekur áhuga ferðamanna, til dæmis út frá landslagi, útsýni, náttúrufyrirbærum, menningararfleifð eða sögu. Gönguleiðin þarf að vera fjölbreytt, þannig að ferðamaðurinn sé að upplifa nýja hluti með reglulegu millibili. Þá þurfa fyrir flesta ferðamenn að vera til staðar lágmarks innviðir og þjónusta, svo sem möguleikar á gistingu auk salernis. Einnig þurfa merkingar að vera í lagi til þess að tryggja öryggi og auðvela ferðamönnum að rata, en einnig ítarleg upplýsingaskilti með helstu upplýsingum. Auk þess að skapa verðmæti og tækifæri í ferðarþjónustu á svæðum í námunda við leiðir innan kerfisins. Að auki er mikilvægt að vinna náði að skipulagi og með hagsmunaaðilum, til að mynda: Landeigendum sem eiga land sem leið fer yfir. Einkaaðilum sem sinna þjónustu á svæðinu, þar með talið aðila í ferðarþjónustu. Stað-bundnum aðilum sem not hafa af leiðinni, munu þjónusta hann

eða hafa starfsemi tengda leiðinni. Stofnanir og samtök sem gætu vakið athygli á kostum leiðarinnar/ leiðakerfisins, svo sem til dæmis embætti landlæknis í tengslum við lýðheilsu. Sveitarfélögum sem leiðir fara um.

#### Ávinningur:

- Aðgengi: Auðvelað aðgengi göngufólks að áhugaverðum gönguleiðum
- Álag: Dreifir álagi ferðamanna víðar um landið
- Tækifæri: Skapar tækifæri í ferðarþjónustu Umhverfisvitund: Eykur áhuga og vitund fyrir landi og landgæðum við leiðirnar, bæði heimamanna og aðkomufólks
- Verðmætasköpun: hvetur til nýsköpunar í ferðarþjónustu í formi vermætasköpunar, svo sem út frá menningu, sögu, eða náttúru.
- Heilsurækt: Hvetur til útivistar og hreyfingar

(Gísli Rafn Guðmundsson, 2014)

## Framkvæmdaaðferðir

Áður en lagt er af stað í verkefni er mikilvægt að skilgreina verkefnið og umfang þess vel, hvað felst í verkefninu og hvað er ekki hluti af verkefninu. Góður undirbúningstími áður en lagt er af stað í framkvæmdir er góð fjárfesting inn í verkefnið Til að hámarka væntanlegan árangur verkefnis þarf að huga að öllum þeim þáttum sem geta haft áhrif á verkefnið.

Liður í undirbúningi er að taka saman alla þá þætti sem snúa að því að útbúa nýja gönguleið eða uppfæra gamla. Gott er að huga að vinnulagi og undirbúa verkefnið meðal annars með því að:

- Greina hverjir eru helstu hagaðilar leiðarinnar (t.d. landeigendur, umsjónaraðilar og ábyrgðaraðilar)
- Skilgreina ábyrgðaraðila leiðarinnar (upp á viðhald og umsjón)
- Skoða hvort þurfi að fara í einhverskonar framkvæmdir (t.d. merkingar, stikun eða vinna í undirlagi)
- Fjármögnun

### Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

Gott er að hafa til hliðsjónar reglur um **Framkvæmdasjóð ferðamannastaða** þegar verið er að vinna gönguleiðina, sér í lagi ef sækja þarf um fjármagn í sjóðinn til framkvæmda. Einnig má finna þar rit sem hægt er að nýta sér til viðmiðunar þegar hugað er að merkingum, val á stöðum, vinnu við aðgengi og mannvirkjagerð sem dæmi. Gæta þarf þess að fá skriflega staðfestingu frá öllum landeigendum er koma að verkefninu ásamt sveitarfélagi ef þess er krafist og mögulega ráðuneyti ef um þjóðlendu er um að ræða, því er mikilvægt að huga vel að hagaðilagreiningunni. Ef sótt er fyrir hönd sveitarfélags þá þarf staðfestingu frá sveitarfélaginu (skipulagsfulltrúa eða aðila sem fer með málaflökkinn) um að leyfi sé í samræmi við skipulag og eða samþykkt sveitarfélagsins.

### Greiningar

Til að geta skilgreint verkefni er nauðsynlegt að skoða og greina í hvaða umhverfi verkefnið er, hverjir eru ytri þættirnir og hverjir eru innri, hverjir eru helstu hagsmunaaðilar verkefnisins, hvert umfang þess er og hvaða áhættuþáttum þarf að huga að. Þegar til lengri tíma er litið, þá getur það sparað tíma við undirbúning að greiningarvinna sé eins ýtarleg og mögulegt er og fylgigögn nákvæm. Huga þarf að þáttum sem gætu tafið eða torveldað framkvæmd og velta fyrir sér ýmsum sviðsmyndum, svo frekar sé hægt að bregðast við.

**HAGAÐILAR:** Greining á hagaðilum, innri sem ytri, aðkomu og áhrifa þeirra á verkefnið.

**ÁHÆTTA/ÓVISSA:** Greining á óvissu og áhættu í upphafi. Hvað getur komið uppá í ferlinu og hvaða leiða er hægt að leita til að koma í veg fyrir þær og/eða skilgreina til hvaða viðbragða skal grípa ef uppá kemur.

**ÚTKOMA OG FLÆKJUSTIG:** Farið yfir umfang verkefnisins, áætlaða útkomu og gerð grein fyrir flækjustigi þess.

**AÐFÖNG OG FJÁRMÁL:** Kostnaður metin og aðföng útlistuð.

**MEGINRÁS:** Tímasetning á verkþáttum og aðgerðum.

### HVERNIG Á AFURÐIN AÐ LÍTA ÚT?

- Heiti leiðar.
- Hversu löng er leiðin í km og / eða klst.?
- Er leiðin merkt eða ómerkt?
- Eru vörður (áhugaverðir staðir) á leiðinni?
- Hækkun á leiðinni?
- Upphafsstaður.
- Stutt leiðarlýsing.
- Þjónusta á leiðinni (salerni, sorplosun eða annað)
- Markaðssetning – erlendis eða aðeins innanlands.
- Heimild og/eða nánari upplýsingar um leiðina? (T.d. bók, kort, heimasíða)



## Hver er meginrás verkefnisins?

Gott er að brjóta niður verkefnið í verkþætti/aðgerðir til að hafa heildaryfirsýn yfir allt það sem þarf að huga að við undirbúning, framkvæmd og svo rekstur. Með því er auðveldara að áætla kostnað, tíma og hvaða aðföng þurfa að vera til staðar og hvenær.

Ath kostnaður þarf ekki endilega að vera útlagðir fjármunir, í sumum tilfellum getur það einnig átt við um eigið framlag í formi vinnu eða öðrum aðföngum sem eru til staðar og getur það talist í eigið framlag á móti styrkjum.

Verkþáttur – undirbúningur	Tímabil	Kostnaður
Aðgerð 1	Tímabil	Kostnaður
Aðgerð 2	Tímabil	Kostnaður
Aðgerð 3	Tímabil	Kostnaður
Verkþáttur – framkvæmd	Tímabil	Kostnaður
Aðgerð 1	Tímabil	Kostnaður
Aðgerð 2	Tímabil	Kostnaður
Aðgerð 3	Tímabil	Kostnaður
Aðgerð 3	Tímabil	Kostnaður
Verkþáttur – kynning og framkvæmd	Tímabil	Kostnaður
Aðgerð 1	Tímabil	Kostnaður
Aðgerð 2	Tímabil	Kostnaður
Aðgerð 3	Tímabil	Kostnaður
Verkþáttur – lúkning og næstu skref	Tímabil	Kostnaður
Aðgerð 1	Tímabil	Kostnaður
Aðgerð 2	Tímabil	Kostnaður



## Að vinna gönguleið

- Heiti leiðar
- Staðsetning
- Stutt leiðarlýsing
- Ábyrgðaraðili leiðar (viðhalds/rekstraraðili)
- Hagaðilar leiðar (landeigendur, sveitarfélag, félagasamtök, rekstraraðilar, stofnanir t.d.)
- Eru öll leyfi og samþykki viðeigandi hagaðila til staðar (skrifleg)
- Dæmi: Er leiðin á þjóðlendu? Ef svo er þá þarf leyfi frá Forsætisráðuneytinu?
- Ef sótt er fyrir hönd sveitarfélags þá þarf staðfestingu frá sveitarstjóra um leyfi frá sveitarstjórn
- Hversu löng er leiðin í km og / eða klst.?
- Erfiðleikastig
- Eru merkingar á leiðinni?
- Er leiðin stikuð eða með skilgreindum slóða/göngustíg?
- Eru vörður á leiðinni?
- Áhugaverðir staðir á leiðinni.
- Hækkun á leiðinni
- Er leiðin hringur (sami upphafsstaður og endir) eða leið A til B
- Upphafsstaður – GPS hnit
- Endastaður – GPS hnit
- Nýtist leiðin fyrir annan ferðamáta?
- Þjónusta á leiðinni (salerni, sorplosun eða annað)
- Er möguleiki á trúss þjónustu á svæðinu?
- Þarf að huga að sérstökum öryggisþáttum (t.d. sjávarföll, vindur eða annað)
- Hvar er hægt að nálgast upplýsingar um rauntímastöðu og spár?
- Er leiðin opin allt árið?
- Ef ekki hvar er hægt að nálgast upplýsingar um lokanir?
- Markaðssetning – má markaðssetja hana erlendis eða aðeins innanlands eða staðbundið?
- Hvaða árstíma má markaðssetja?
- Heimild og / eða nánari upplýsingar um leiðina? (T.d. bók, kort, heimasíða)

## Aðföng og fjármál

Kostnaður, vinnuframlag, hvar og hverjir, helstu kostnaðarliðir – styrkjamöguleikar.

### ÁÆTLAÐIR KOSTNAÐARLIÐIR VIÐ UNDIRBÚNINGSGÖNGULEIÐAR

_____	kr. _____
kr. _____	_____
_____	kr. _____
Alls áætlaður undirbúningskostnaður:	kr. _____

### ÁÆTLAÐIR KOSTNAÐARLIÐIR VIÐ FRAMKVÆMD GÖNGULEIÐAR

_____	kr. _____
_____	kr. _____
_____	kr. _____
Alls áætlaður framkvæmdarkostnaður:	kr. _____

### ÁÆTLAÐIR KOSTNAÐARLIÐIR VIÐ KYNNINGU GÖNGULEIÐAR

_____	kr. _____
_____	kr. _____
_____	kr. _____
Alls áætlaður kynningarkostnaður:	kr. _____
<b>Alls áætlaður kostnaður við undirbúning, framkvæmd og kynningu:</b>	<b>kr. _____</b>

Einnig er gott að skoða mögulegan rekstrar/viðhaldskostnað pr ár og þannig hugsa verkefnið lengra fram yfir framkvæmdina við gönguleiðina.

### ÁÆTLAÐIR REKSTRAR/VIÐHALDSLÍÐIR OG TÍÐNI VIÐHALDS

_____	kr. _____
_____	kr. _____
_____	kr. _____
Alls áætlaður rekstrarkostnaður per tímabil:	kr. _____

## Hver er helsti markhópur leiðarinnar?

Gott er að skoða leiðina og draga fram hvaða markhópur sé líklegastur til að nýta sér gönguleiðina.

### Markhópurinn í forgrunni

- Skilja markhópin – Íslendingar og markhópagreining Íslandsstofu
- Hverjir eru að heimsækja svæðið núna?
- Hverja viljum við sækja meira í?
- Hvernig eru gestir að haga sér núna?
- Hvað vantar inn í ferðalagið/upplifunina þeirra?

### Markhópagreining Íslandsstofu

Gott er að máta markhópa Íslandsstofu við leiðina og þannig sjá hvaða markhópar henta eða leiðin höfðar til.



**Lífsglaði heimsborgarinn**  
(e. The Fun-loving Globetrotter)



**Sjálfstæði Landkönnuðurinn**  
(e. The Independent Explorer)



**Makindalegi Menningarvitinn**  
(e. The Cultural Comfort Seeker)

Gott er að skoða matsblað á blaðsíðu 6 í Markhópagreiningu Íslandsstofu.

Að sjálfsögðu er svo markhópurinn heimamenn og Íslendingar á ferðalagi sem munu nýta sér leiðina.

### Íslendingurinn

#### Ferðalög innanlands 2018

- 85% ferðuðust innanlands
- Um 6 ferðir að jafnaði yfir árið
- Tæpar 13 nætur á ferðalögum
- 51,8% heimsóttu Suðurlandið
- Fóru 4,7 ferðir inn á Suðurland

#### Dagsferðir 2018

- 61% fóru í dagsferðir
- Meðalfjöldi dagsferða var 3,5 ferðir
- 58% heimsóttu Suðurland
- Fóru 3,5 ferðir inn á Suðurlandið

#### Afþreying 2018

- Sundlaugar 50,2%
- Söfn og sýningar 25,8%
- Leikhús og tónleikar 18,6%
- Tónlistar- og bæjarhátíðir 13,7%
- Dekur og heilsurækt 10,6%
- Um helmingur Íslendinga stunda almenna útivist einu sinni í viku eða oftar

## Kynningarefni

- **Skilti** (Þörf fyrir fræðsluskilti og merkingar – sjá Handbók um merkingar).
- **Tákn** (Hvaða tákn skilgreina leiðina, göngutákn, merkingar, vöð og fl. – sjá Handbók um merkingar).
- **Hvernig og hvar getur gesturinn nálgast upplýsingar um leiðina.**
- **Hvar og hvernig verður leiðinni komið á framfæri.**
- **Einblöðungur yfir gönguleiðina** – kort af leiðinni, GPS staðsetning, þjónusta á leiðinni og aðrar upplýsingar sem þurfa að koma fram.

Gróft tilbúið dæmi:

Þetta göngukort sýnir gönguleiðina milli Haukafells á Mýrum og Skálafells í Suðursveit. Gönguleiðin Mýrajökklar er hluti af stærra gönguleiðakerfi sem verið er að byggja upp í Austur-Skaftafellssýslu og mun í framtíðinni tengja leiðina allt frá Skaftafelli í vestri yfir að Lónsöræfum í austri. Gönguleiðin Mýrajökklar er 22 km löng og liggur meðfram þremur skriðjöklum sem tilheyra Vatnajökli.



**Einkenni leiðar**  
T.d. myndir/tákn.

**GPS hnit upphafsstaðs:**  
64° 34.518'N, 15° 50.362'W

**GPS hnit endastöðvar:**  
64° 24.767'N, 15° 68.643'W

Eitthvað annað sem gott væri að kæmi fram eins og **112, SafeTravel og Icelandic Pledge.**

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðunni

[www.south.is/þessigönguleið](http://www.south.is/þessigönguleið)



QR kóði fyrir nánari upplýsingar.

## Hugtakalykill

### Aðgengi

Hér er verið að tala um náttúrulegt aðgengi sem og hvað hægt sé að gera til að bæta aðgengi. Það getur átt við stíga, bílastæði og tröppur sem dæmi.

### Áfangastaðaáætlun

Áfangastaðaáætlun er heildstæð áætlanagerð sem hefur ferðapjónustu sem útgangspunkt. Markmið hennar er að stuðla að ábyrgri ferðapjónustu sem styrkir efnahag samfélaga, bætir lífsgæði íbúa og dregur úr mögulegum neikvæðum áhrifum frá ferðapjónustu.

### Áfangastaður og áningarstaður

Í þessari skýrslu er talað um áningarstað sem stað sem áð er á eða stoppað er stutt við á leið á áfangastað. Áfangastaður er hér skilgreint sem loka áfangi á ferðalagi eða næturstaður vegna áframhaldandi ferðalags. Á áfangastað er ákveðið aðdráttarafl, aðstaða og aðgengi að staðnum.

### Erfiðleikastig

Sjá Handbók um skilti og merkingar á ferðamanna- stöðum og friðlöndum.

### Ferðamaður

Gestur sem dvelur a.m.k. eina nótt á staðnum sem hann kemur á.

### Gestur

Einstaklingur á ferðalagi utan hversdagsumhverfis.

### Grunnpjónusta

Heilbrigðisþjónusta, löggæsla, sorphirða og önnur almannaþjónusta.

### Hagsmunaaðilar ferðapjónustunnar

Allir þeir aðilar sem hafa hag að eða koma beint eða óbeint af ferðapjónustunni.

### Innviðir

Vegir, stígar, pallar, þjónusta, salerni, sorpílát og annað sem á við á hverjum stað.

### QR-kóði

Mynd af kóða sem skannaður er inn í símann og leiðir þig inn á ákveðna vefsíðu.

### Samgöngukerfi

Vegakerfið, almenningsamgöngur, flugsamgöngur, ferjusiglingar, gönguleiðir, hjólaleiðir og reiðleiðir.

### Sjálfbær þróun

Þróun sem mætir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum.

### Skilti og merkingar

Í Handbók um skilti og merkingar á ferðamanna- stöðum og friðlöndum er farið yfir helstu þætti sem þarf að hafa í huga við skiltagerð – mælt er með að kynna sér það.

### Stígur

Er skilgreind leið þar sem heimilt er að ganga á. Með vel skilgreindum stígum er náttúran í kring varin fyrir átroðningi.

### Uppbygging

Mismunandi í hvaða samhengi verið er að tala um uppbyggingu, uppbygging vegakerfis, uppbygging ferðamannastaða, uppbygging þéttbýlisstaða sem dæmi, getur átt við stóra sem smáa hluti.

HANDBÓK

# Gönguleiðir